Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2026
USK25090066

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 4. nóvember 2026 um eftirfarandi mál:

Ármannsreitur - Breyting á deiliskipulagi - Sóltún 4

Lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf., dags. 4. september 2025, um breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits vegna lóðarinnar nr. 4 við Sóltún. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að bæta við inndreginni 6. hæð ofan á húsið. Byggingarmagn helst óbreytt, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarpsuppdr. Yrki arkitekta ehf., dags. 20. október 2026.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.
Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:

> Fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og Viðreisnar taka jákvætt í að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits vegna Sóltúns 4 fari í lögbundið auglýsingarferli. Meirihlutinn leggur áherslu á að stuðla að fjölbreyttri íbúðauppbyggingu og góðri nýtingu byggingarlands á svæðum þar sem innviðir, almenningssamgöngur og þjónusta eru þegar til staðar. Fyrirliggjandi tillaga felur í sér að heimila afmarkaða, inndregna sjöttu hæð á hluta byggingarinnar án þess að heildarbyggingarmagn eða fjöldi íbúða aukist frá fyrri heimildum. Í greinargerð tillögunnar er sérstaklega fjallað um samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, aðliggjandi byggðarmynstur og áhrif fyrirhugaðrar hækkunar á nærliggjandi byggð. Með því er leitast við að bregðast við þeim annmörkum sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála benti á í fyrri afgreiðslu málsins. Meirihlutinn telur mikilvægt að tryggja vandaða uppbyggingu sem tekur mið af nærumhverfi, birtuskilyrðum, skuggavarpi og hagsmunum nágranna. Með auglýsingu tillögunnar gefst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg afstaða er tekin til breytingarinnar.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: deiliskipulags- og skuggavarpsuppdr. Yrki arkitekta ehf., dags. 20. október 2026.

Reykjavík